

**44. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
fimmtudaginn 30. nóvember 2023, kl. 15:30.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Gjaldskrá Bláskógaveitu 2024 - 2310014

Gjaldskrá Bláskógaveitu 2024

Nefndin samþykkir gjaldskrána og samþykkir að vísa gjaldskránni til sveitarstjórnar.

2. Tungurimi Borgarrimi 2 og 3 áfangi - 2208024

12. fundur haldinn 16.11.2023 (2. áfangi)

Lögð var fram fundargerð 12. fundar.

3. Viljayfirlýsing vegna kaupa á heitu vatni til uppbyggingar í ferðapjónustu (baðlón, hótél) - 1906021

Drög að samningi um heitt vatn fyrir baðlón.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og vísar honum til sveitarstjórnar.

4. Fráveita frá baðlóni í Laugarási - 2311025

Minnisblað Eflu, verkfræðistofu, dags. 10.11.2023, um umfang og afgreiðslu fráveitu frá Árböðunum.

Minnisblaðið var lagt fram. Framkvæmda- og veitunefnd óskar eftir upplýsingum um áætlaðan fjölda persónueininga frá starfseminni.

5. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - 2308018

Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027

Farið var yfir fjárfestingaáætlun.

6. Áhaldahús Bláskógaveitu Vegholt 3 - 2311027

Hugmynd að útfærslu á áhaldahúsi Bláskógaveitu við Vegholt.

7. Starfsleyfi fráveitna í þéttbýli - 2311028

Erindi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 29.11.2023, varðandi starfsleyfi fyrir fráveitur í þéttbýli.

Sviðsstjóra er falið að fara yfir stöðu mála hvað varðar starfsleyfi fyrir fráveitur.

8. Greiðslur vegna sérstakrar söfnunar - 2306003

Yfirlit yfir greiðslur fyrir sérstaka söfnun

Yfirlit yfir greiðslur Úrvinnslusjóðs var lagt fram.

9. Lýsing við gangbrautir - 2311031

Bætt lýsing við gangbrautir

Rætt var um uppsetningu lýsingar við gangbrautar á ýmsum stöðum í sveitarfélaginu.

Framkvæmda- og veitusvið vinnur að úrbótum.

10. Lagfæring gatna og innkeyrslna við Lyngbraut - 2311030

Erindi Guðmundar Zebitz, dags. 29.11.2023, varðandi þörf fyrir að laga götuna Lyngbraut og innkeyrslur að Kvistabæ.

Í tengslum við lagfæringar á holum í malbiki verður hugað að því að lagfæra Lyngbraut.

11. Umsókn um heimlagnir Vörðubrekka 12 - 2311019

Umsókn Guðmundar Þ. Hararðsonar um heimlögn hita- og vatnsveitu að Vörðubrekku 12.

Umsóknin var lögð fram. Áætlaður kostnaður við stofnlagnir að svæðinu er um 5 millj.kr.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að fara yfir málið með hliðsjón af lengd lagnar og mögulegt hitastig á vatni miðað við að einungis er eitt hús að rísa innan deiliskipulagssvæðisins.

12. Trúnaðarmál - 2311040

Trúnaðarmál. Fært í trúnaðarbók.

Fundi slitið kl. 17:30.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Axel Sæland

Ásta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson